



HARPA HAFSINS

**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á
67. þingi Rótarýumdæmisins á Íslandi
Ísafirði
14. september 2012**

*Ávarpið var flutt blaðlaust
Þetta er endurrit af upptöku*

Ágætu Rótarýfélagar
Góðir gestir

Eins og allir vita er ég búinn að vera nokkuð lengi í þessu embætti. Samt er þetta í fyrsta sinn sem ég fæ alveg skýra ábendingu um að tala stutt þegar tilkynnt var að maturinn yrði borinn fram, en að vísu ætlaði forseti að segja nokkur orð í upphafi! Ég náði alveg skilaboðunum.

En ég var beðinn um að koma hingað vestur – og ég segi alltaf já þegar ég er beðinn um að koma til Ísafjarðar; tala nú ekki um að fá að vera í þessu einstaka húsi. Það var óskað eftir því að ég flytti hér hátíðarræðu um hafið. Það á svo sannarlega við hér fyrir vestan. Þess vegna ætla ég að taka mér aðeins lengri tíma en gefið var til kynna hér í upphafi og líka í leiðinni rifja upp góðar minningar sem ég á frá mínum bernskudögum, minningar um höfðingjana sem stofnuðu Rótarýklúbbinn á Ísafirði fyrir 75 árum.

Kannski þurfa menn að vera fæddir á Ísafirði á þeim tíma og aldir hér upp til að átta sig á því hve róttækt skref það var að leiða saman sjálfstæðismenn, krata og framsóknarmenn hér í bænum í eitt félag. Það hafði aldrei fyrr gerst. Það var svona álíka róttækt eins og ef mönnum hefði dottið í hug á dögum Kalda stríðsins að það myndi einhvern tímann líða undir lok, að Ketill kaupfélagsstjóri og Kristján frá Garðsstöðum og

Bárður nágranni okkar í Túngötunni og aðrir slíkir skyldu ganga saman í eitt félag með sr. Sigurgeiri. Það voru stór tíðindi í bænum.

Fyrir ykkur sem ekki hafið notið þeirra forréttinda að fæðast og alast upp á Ísafirði er rétt að gefa til kynna hve róttæk þessi breyting var með því að nefna að þegar pabbi hætti að klippa á Ísafirði og við fluttum suður þá tók það marga vinstri menn hér í bænum, krata og framsóknarmenn, uppundir eitt ár að hafa sig í að fara til íhaldsrakarans sem var hinum megin við torgið!

Það var svona í anda Kristjáns frá Garðsstöðum, sem reyndar var einn af stofnendum þessa klúbbs, ef ég kann þessa sögu rétt. Hann var svo sannur samvinnumaður eins og frægt er orðið að þegar hann var að aka á jeppanum sínum í öðrum landshluta og kom á bensínstöð, gekk þar inn og spurði hvort þeir hefðu ekki ESSO bensín og honum var tjáð að það væri ekki – þetta væri BP bensínstöð – þá sagði Kristján snúðugur: Nú, þá keyri ég frekar bensínlaus!

Þetta voru sannir hugsjónamenn. Að leiða þá saman í eitt félag var með byltingarkenndari hugmyndum sem mönnum hafði dottið í hug hér fyrir vestan. Það sýnir hve vel til þessa var stofnað að 75 árum síðar erum við hér í þessu sögufræga húsi en Rótaryklúbburinn á Ísafirði á reyndar stóran heiður af að það hefur verið varðveitt með þessum hætti. Eins og kemur fram í ágætu blaði sem gefið var út í tilefni þessa þings, þá var það síðasta ósk hins ágæta sýslumanns, sem hér var lengi og góður Rótaryfélagi, til sinna bræðra í klúbbnum þegar hann hvarf á brott að þeir reyndu að tryggja að þessum húsum sem voru þá í mikilli niðurníðslu yrði bjargað.

Það er engum öðrum félagsskap jafnmikið að þakka hér á Ísafirði eins og Rótaryklúbbnum að þjóðin á þetta hús. Ég segi þjóðin vegna þess að við eigum ekki mörg svona hús. Það eru ekki margir slíkir staðir á Íslandi þar sem við getum gengið inn á vettvang sögunnar með þessum hætti.

I just want to tell our Danish friends, and I apologize for doing it in English – I was told that English was the international language of the Rotary movement – that we welcome you especially here tonight. You should be very proud to share a dinner in this historic building because in a sense you are now in the company of Queen Margrethe and Prince Henrik. In 1998 we hosted a dinner in this old house for Her Majesty and the Prince when she came to Iceland and to Ísafjörður. So this is one of the very few buildings in Iceland that has truly hosted a Royal Dinner in recent decades.

About sixty years before that, Queen Margrethe's parents, then Crown Prince Frederik and Crown Princess Ingrid, visited Iceland; that was the year before the War broke out. It was in fact the last visit by the Danish Royal

Family to Iceland before we founded the Republic. They also had a dinner, not in this house, but here in Ísafjörður. There are not many places in Iceland, apart from Reykjavík or the President's Residence, that have twice hosted the Danish Royal Family in recent memory. I hope you get the historic spirit of this place! Ólafur Helgi was then District Magistrate in Ísafjörður and he can testify, since he is still a law officer, that everything I have said is absolutely true!

If I may, I will continue in English, but then I will switch over to Icelandic. I hope you will report to the leaders of the Rotary International that not only is the club in Ísafjörður special because it is in the President's birthplace but also that it is probably unique among all Rotary clubs everywhere in the world. I doubt if any Rotary club in any country and on any continent can proudly say that in the last seventy years, three bishops of the country have been directly related to it. It is a closer connection to the Almighty than probably any other Rotary club anywhere in the world can show! Among the founding members was the priest here in Ísafjörður, Sigurgeir, who later became a bishop, and if I remember correctly, although I was obviously not a member at that time, he was made an honorary member of the club when he left Ísafjörður to become the Bishop of Iceland. He also, by the way, lived in my father's house, but that is a different story. Then, later on, his son became a bishop too.

The newly elected bishop is the first female bishop in Icelandic history. Her father was also a member of this club. This actually means – and I say this to my Icelandic friends – that not only can Ísafjörður be proud of the fact that every third bishop in Iceland in the last seventy years has come from Ísafjörður, but all of them are linked to this Rotary Club. So this is probably the most divine Rotary Club you can find in the entire international movement. I couldn't resist telling you this here tonight because it is quite extraordinary that a relatively small town and a club of this nature should be able to boast of such a connection.

I think the only problem with this is – if I know the situation of the Club correctly – that it is still an all-male club. So it might be a bit sensitive for the Club to boast of the connection of the first female bishop to the Club. But I am sure you will be able to sort that out later on.

Kæru gestir. Það er auðvitað þannig þegar við, sem eigum slík tengsl til Ísafjarðar, komum hingað vestur þá leita á hugann minningar um hið góða fólk sem ól okkur upp og gaf okkur í veganesti margt af því besta sem okkur hefur nýst á langri leið. Það á við um marga, sem voru stofnfélagar í þessum klúbbi, eins og Jónas Tómasson sem rak hina einstæðu bókaverslun hér á Ísafirði. Það var álitamál fyrir okkur krakkana hvort það var heilagara að ganga inn í kirkjuna eða bókaverslunina; slíka virðingu bárum við fyrir þeim stað og því sem þar var að finna.

Saga klúbbsins er því á margan hátt samofin, ekki bara sögu Ísafjarðar, heldur líka þjóðlífi okkar og menningu. Það sýnir kosti félagsskapar, sem þið þekkið vel af eigin raun, að svona tiltölulega fámennur hópur skuli hafa getað haft svo víðtæk áhrif á sína heimabyggð en líka á mannlífið allt. Í þeirri sögu er merkilegt dæmi sú ákvörðun klúbbsins hér á Ísafirði þegar landhelgisdeilan við Breta heltók okkar þjóð að skrifa 24 klúbbum í Bretlandi til þess að skýra út málstað Íslands. Eini félagsskapurinn í landinu sem hafði hugmyndaauðgi og framtak til þess að taka þátt í baráttu þjóðarinnar með þeim hætti. Þess vegna er það við hæfi að á þessu þingi skuli hafið vera umræðuefnið sem þingið er helgað. Án þeirrar auðlindar og þeirrar nálægðar við hafið sem Ísafjörður og Vestfirðir hafa jafnan notið og reyndar þjóðin öll, þá værum við ekki hér.

Ég hef stundum vakið athygli erlendra gesta á því að þegar lýðveldið var stofnað 1944 var það miklum mun veikburðara en við gerum okkur grein fyrir. Þjóðin þurfti að flytja inn nánast allt sem hún þurfti til framfara og uppbyggingar: timbur, sement, olú, kol, allt það sem var í raun og veru forsenda og drifkraftur þess að þetta nýja og unga lýðveldi gæti sótt fram. Það eina sem hún gat selt í staðinn og var gjaldgengt á erlendum mörkuðum var fiskurinn. Ef ekki hefði verið farið í útfærslu landhelginnar, fyrst í 12 mílur, svo í 50 og svo 200, þá dreg ég í efa að hið unga lýðveldi hefði haft efnahagslega burði til að lifa af. Ég veit að það er stór fullyrðing en ég er sannfærður um það eftir að hafa skoðað þessa sögu. Ef þjóðin hefði áfram búið við það að erlendum floti væri fáeinar mílur undan ströndunum þá hefðum við ekki haft þann efnivið sem þurfti til að tryggja okkar efnahagslega sjálfstæði. Þess vegna er þessi athöfn klúbbsins á Ísafirði að skrifa 24 klúbbum í Bretlandi og útskýra málstað og rök þessarar þjóðar merkilegt framtak.

Það er reyndar líka í þessum húsum fróðlegt að velta því fyrir sér hvort Jón Sigurðsson hefði haft afl og getu til að heyja sína baráttu án opinberra launa og reglubundinna tekna í áratugi í Kaupmannahöfn ef Ásgeirsverslun á Ísafirði og aflinn sem hún sótti í firðina og fólkið sem verkaði hann hér fyrir vestan hefði ekki veitt kaupmanninum og þeim sem stóðu að fyrirtækinu efnahagslega burði til þess að styrkja Jón í hans baráttu.

Sama gildir um Skúla Thoroddsen, Sigurð í Vigur, Hannes Hafstein og aðra þá sem voru hér á Ísafirði og báru uppi það skeið sjálfstæðisbaráttunnar sem einna helst réð úrslitum ef frá er talin barátta Jóns Sigurðssonar og hans félaga.

Án nálægðarinnar við hafið hér vestur á fjörðum og þeirrar auðlegðar sem það býr yfir er mér til efs að sjálfstæðisbarátta okkar Íslendinga og

fyrstu áratugir lýðveldisins hefðu orðið með þeim hætti sem raun ber vitni.

Það er á morgun hátt hollt fyrir okkur sem þjóð að líta yfir þessa sögu og átta okkur á því að þeir hornsteinar sem við hvílum á tengjast hafinu með þeim hætti að ekki er hægt að skilja í sundur.

Samt sem áður erum við, eins og mannkynið allt, í þeim sporum að vita næsta lítið um þennan ríka þátt Móður Jarðar. Ég bauð Thor Heyerdal til Íslands á öðru ári mínu í embætti. Hann var eins og margir hér vita ein helsta hetja okkar kynslóðar. Norðmaður sem sigldi á Kon Tiki og skrifaði um það bækur sem við lásum upp til agna og keyptum í bókabúðinni hjá Jónasi hér á Ísafirði. Það var gaman að taka á móti Heyerdal á Íslandi, nokkrum árum áður en hann dó, einum af fremstu könnuðum sögunnar. Hann sagði við mig og það hefur fylgt mér síðan, ég trúði því ekki þegar ég heyrði það fyrst: Við, mannkynið, vitum meira um tunglið en við vitum um hafið, úthöf jarðar.

Keppni stórveldanna um að senda mann til tunglsins dró gríðarlegt fjármagn til þeirra verkefna og rannsókna. Við erum í þeim sporum, sagði hann, að vanþekking okkar á þessum höfuðþætti í lífríki heimsins er slík að við erum í raun og veru að fálma í myrkri. Ég bar þetta síðan undir marga fræðimenn og vísindamenn. Þeir játuðu að þetta væri rétt lýsing.

Ég skildi það betur í upphafi þessa árs þegar ég naut þess, og við Dorrit, að vera í hópi sem Al Gore bauð að koma með sér til Suðurskautslandsins þar sem þrjú helstu höf heimsins koma saman, Atlantshafið, Kyrrahafið og Indlandshafið. Við erum öll alin upp við þá sýn af jörðinni að Suðurskautslandið sé lítil rönd, svona neðst á heimskortinu. Við áttum okkur ekki á því að Suðurskautslandið er stærra en Bandaríkin; það þarf að bæta Mexíkó við til þess að komast í sömu stærð.

Samt sem áður var það þannig að faðir minn var orðinn nokkuð knár strákur þegar fyrsti maðurinn kom á Suðurskautslandið! Svo nýlega höfum við, mannkynið, komið á þennan mikilvæga grunnvettvang sem mótar jörðina og okkar umhverfi.

Ég segi stundum við erlenda gesti sem ég býð í kvöldverð í því góða veitingahúsi á Stokkseyri, Við fjöruborðið; fer með þá niður á fjöruborðið: Giskið nú, ef þið farið um borð í skip og haldið beint í suður, hvar er fyrsta landið sem þið komið að? Það hefur enginn af mínum gestum getað svarað þessari spurningu rétt. Ef maður heldur í suður frá Stokkseyri, frá suðurströnd Íslands, þá er fyrsta landið sem maður kemur að Suðurskautslandið. Slíkt er flæmi hafsins á Móður Jörð.

Á fyrstu vikum þessa árs var mér boðið að flytja setningarræðu á Heimsþingi um hafið sem hið virta breska tímarit The Economist efndi til; hafði það ákveðið að helga hafinu málþing og umfjöllun á komandi mánuðum og árum. Vegna hvers? Vegna þess að The Economist hafði áttað sig á því eins og Time Magazine sem birti forsíðugrein nokkrum vikum síðar, að ef við, fólk í jörðinni, höldum áfram að koma fram við hafið eins og við höfum gert til þessa, þá líða ekki nema um það bil 40-50 ár þar til við verðum nánast búin að eyða öllum þeim auðlindum sem í hafinu eru. Marglyttur og aðrar slíkar frumstæðar verur er það sem eftir verður og munu vaxa í risastærðir. Fjörutíu til fimmtíu ár. Það er um það bil helmingur af aldri Rótarýklúbbsins hér á Ísafirði. Það er tvöfaldur tíminn síðan Ólafur Helgi var umdæmisstjóri Rótarý á Íslandi. Það er stuttur tími.

Mannkynið allt er nú nokkrum mínútum frá því miðnætti að hafið verður ekki lengur sú uppspretta fæðu og forða sem það var þegar við færðum út landhelgina, þegar Ásgeirsverslun sótti efnivið í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga í vestfirsku firði, og nú þegar við höfum í kjölfar efnahagshrunsins getað nýtt sjávarútveginn til þess að sækja fram á nýjan leik.

Það er líka mikilvægt fyrir okkur sem þjóð að átta okkur á því að aðrar þjóðir horfa í vaxandi mæli til þess árangurs sem við höfum náð í umgengni við hafið. Það er merkileg þversögn að á sama tíma og við deilum hér heima hart um skipulag fiskveiða og stjórnun, þá telja þeir sem málin þekkja á veraldarvísu að allar þjóðir heims þurfi að fara í smiðju til Íslendinga varðandi umgengni við hafið. Fáum öðrum þjóðum, ef nokkrum, hefur tekist að varðveita auðlindir hafsins á undanförunum þrjátíu til fjörutíu árum með sama hætti. Við höfum síðan nýtt það nábylí til að byggja upp tækniiðnað, upplýsingakerfi og eftirlit sem tryggir framkvæmdina.

Ég bauð hingað fyrir nokkrum mánuðum fulltrúum frá Google. Tilefni þeirrar heimsóknar var að þeir hafa, það merka fyrirtæki, búið til tækni svo að við getum í símanum okkar eða tölvunni, skoðað hvaða landsvæði sem er í veröldinni, göturnar hér á Ísafirði, jafnvel fylgst með því hver bankar uppá. Það er ekkert slíkt eftirlitskerfi til um hafið. Menn geta rænt auðlindir hafsins, nánast frjálssir, án slíks eftirlits. Við höfum hins vegar nýtt upplýsingatæknina á Íslandi á þann hátt að við vitum á hverri einustu mínútu, hvers einasta sólarhrings, hvar okkar skip eru að veiða. Við notum tölvutæknina og fjarskiptin til þess að byggja upp áreiðanlegt og heildstætt eftirlit með því hvernig hafið er nýtt.

Þetta íslenska líkan hefur Google nú áhuga á að nota á heimsvísu svo að mannkynið geti með sama hætti og við haft eftirlit með öllum höfum heims.

Á sjávarútvegssýningunni í Brüssel fyrr á þessu ári sást hvernig tæknifyrirtæki eins og 3X-Stál eins og það hét áður á Ísafirði, Marel, Trackwell, auk fyrirtækjanna í sjávarútvegi og sölufyrirtækjanna hafa náð þeim sessi að verða fremst á heimsvísu. Það er líka þversögn að koma á þessa stærstu sjávarútvegssýningu heims og verða vitni að því hvernig okkur hefur tekist með nábylinu við hafið að komast í fremstu röð á þessu tækni- og viðskiptasviði í veröldinni en vera svo hér heima áfram að deila hart um hvað eigi að gera.

Merkilegt var fyrir mig, strák hér vestan af fjörðum, sem vann sem unglingur í fiski bæði hér og fyrir sunnan, að sjá í Brüssel að Marel var búið að taka þann forystusess á heimsvísu sem Baader hafði haft áður. Þau sem voru í frystihúsunum fyrir vestan vita að Baader vélarnar voru í sérhverju frystihúsi. Við héldum, Íslendingar, að þannig yrði það um aldur og ævi. Á sjávarútvegssýningunni í Brüssel var Marel orðið stærra, umfangsmeira og háþróaðra.

Umgengni okkar við hafið er þess vegna ekki bara spurning um fiskveiðar og sjávarútveg. Hún er líka spurning um það að okkur hefur tekist að þróa tækni og iðnað sem skapar okkur forystusess á fjölmörgum sviðum.

Við höfum líka eins og mér skilst að verði kynnt síðar, notað hreinu orkuna til þess að þurrka það sem við hentum áður, hausa, hryggi og annað; gera okkur arð úr því sem áður var hent aftur í hafið. Nú er áhugi hjá Matvælastofnun Sameinuðu þjóðanna og Þróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna að taka þessa íslensku aðferð og reyna að byggja hana upp á heimsvísu. Í flestum löndum ónýtast matvæli innan fjögurra til fimm daga vegna þess að það er ekki til geymslu aðferð til þess að tryggja að sé hægt að neyta þeirra að nokkrum vikum liðnum.

Ég nefni þetta allt hér til að koma því á framfæri að vegferðin frá því að menn stunduðu fiskverkun hér í þessu húsi og hér fyrir utan; vegferðin frá því að Tanginn, Tjöruhúsið og Ásgeirsverslun voru upphafið að því sem að lokum varð undirstaðan undir efnahag hins unga lýðveldis, hefur leitt okkur Íslendinga í fremstu röð þeirra þjóða sem geta veitt leiðsögn um það hvernig við eigum að koma í veg fyrir að eftir fjörutíu til fimmtíu ár verði mannkynið búið að eyða öllum helstu auðlindum hafsins.

Á sama tíma eru loftslagsbreytingarnar að bræða jöklana og ísinn hér í kring. Nágrannar okkar í Grænlandi þurfa ekki að fara á alþjóðlegar ráðstefnur til þess að sannfærast um loftslagsbreytingarnar. Ef íshellan á

Grænlandi heldur áfram að bráðna mun sjávarborð heimsins hækka um sjö metra. Ef íshellan, sem ég sá lítinn hluta af á Suðurskautskautslandinu, bráðnar líka mun sjávarborð jarðar hækka um 74 metra. Samtals, ef þessar tvær íshellur bráðna, yfir 80 metra sem þýðir að nánast öll byggðarlög í Íslandi, nema til sveita, munu fara undir sjó.

Það var áhrifaríkt fyrir fáeinum vikum þegar kínverski leiðangurinn kom hingað á ísbrjótnum Snædrekanum og ráðstefna var haldin í hátíðarsal Háskóla Íslands, að hlýða á hina ungu kínversku vísindamenn sýna ný tengsl Kína við okkar nágrenni, að bráðnun íssins hér á Norðurlóðum breytir veðráttu í Kína næsta ár með þeim hætti að það hefur hrikalegar afleiðingar fyrir efnahagslíf og matvælaframleiðslu.

Kortið sem annar ungur kínverskur vísindamaður sýndi dró upp mynd af því að ef íshellurnar í okkar nágrenni og Suðurskautinu halda áfram að bráðna þá muni strandlengja Kína færast 400 kílómetra inn í landið. Borgir eins og Sjanghæ og aðrar hverfa algjörlega; Beijing verður hafnarborg.

Ekkert er þess vegna eins mikill leiðarvísir um framtíð okkar sem mannkyns eins og hafið og ísinn sem er í okkar nágrenni og á Suðurskautinu og í Himalajafjöllum. Vatnið, hvort sem það er frosið eða salt. Þess vegna er við hæfi að þegar þið komið á ykkar þing til Ísafjarðar þá skuli einmitt hafið vera brennidepill umræðunnar sem vestfirskir félagar ykkar vilja vekja athygli á.

Kannski er kominn tími til þess að klúbburinn á Ísafirði, eins og hann skrifaði bréf þegar landhelgisstríðið stóð sem hæst, skrifi nú önnur bréf til Rótarýklúbba vítt og breitt um veröldina til að lýsa því að þessi örlög séu ekki óhjákvæmileg; hvernig hægt er í krafti þeirrar reynslu og þekkingar ykkar hér fyrir vestan og Rótarýfélagar um allt land, að koma í veg fyrir að umgengni mannsins við höfin verði með þeim hætti sem nú er spáð.

Ég varpa hér í lokin fram þeirri hugmynd til ykkar og Rótarýhreyfingarinnar á Íslandi að fátt gæti fallið betur að okkar sögu, menningu og framtaki klúbbsins hér fyrir vestan, en að vekja athygli ykkar félaga vítt og breitt um veröldina á því að það er hægt að eiga sér aðra framtíð. Við getum umgengist hafið með ábyrgari hætti. Við getum komið í veg fyrir að barnabörn okkar og þeirra börn þurfi að flýja byggðirnar, sem þeim eru kærar, vegna þess að við höfum umgengist Móður Jörð með óábyrgum hætti.

Að svo mæltu þakka ég aftur fyrir boðið hingað vestur og að fá tækifæri til að tala um mál sem eru mér áhyggjuefni og umhugsunarefni. Ég ver æ meiri tíma til að fjalla um þessa þætti og kannski er enginn

staður á Íslandi betri til að ræða um þessa framtíð en þetta gamla hús sem geymir mikla sögu um samskipti okkar við hafið.